

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr.15.og16.gr. reglugerðar þessarar. Sveitarstjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu. Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv. 7. gr. laga nr 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	2
Leikskólar	2
Breytingar og viðhald	4
Námskrá - stefna	4
Uppeldisstarf, áherslur, markmið og matsaðferðir – Námskrár leikskóla Reykjanesbæjar –	4
Skipulag.....	5
Starfið síðastliðið leikskólaár – Framkvæmd ársáætlunar	6
Starfsáætlun	6
Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður	6
Þróunar- og nýbreytnistarf	7
Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir	8
Stytti – og lengri kynnisferðir:.....	8
Menningarviðburðir:	8
Aðrar skemmtanir:.....	8
Kynning á leikskólanum út á við:.....	8
Starfsmenn	9
Stöðugildi	9
Fundir	9
Skipulags- og námskeiðsdagar	10
Börn	10
Fjöldi barna	10
Sérkennsla	10
Foreldrasamstarf	11
Áherslur og markmið	11
Foreldrafundir	11
Foreldraviðtöl, fréttabréf	11
Opið hús	11
Foreldrafélög.....	11
Samstarf - fræðsla - ráðgjöf	12
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila	12
Starfsmannasamtöl.....	12
Leikskólakennaranám við KHÍ og HA - nemar.....	12
Samstarf við grunnskóla.....	12
Öryggismál	13
Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur og fl.....	13
Lokaorð	15

Almennar upplýsingar

Leikskólar

Reykjanesbær rekur sjö leikskóla. Starf allra leikskólanna grundvallast á lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi 1. júlí 1999.

Hér á eftir fer yfirlit yfir starfsemi leikskólanna í Reykjanesbæ ásamt helstu áherslum í leikskólastarfi í hverjum skóla ásamt öðrum upplýsingum.

Heimasíður leikskólanna er að finna á slóðinni: reykjanesbaer.is

Garðasel Hólmgarði 4 sími: 421-3252 netfang: gardasel@reykjanesbaer.is

Veffang: reykjanesbaer.is/gardasel

Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir.

Leikskólinn Garðasel tók til starfa 1974. Flatarmál húsa er 746,4 m², nettóstærð leikrýmis er 366,1 m² og flatarmál lóðar er 4.251 m², leiksvæði 2.904 m². Garðasel er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Deildir eru aldurskiptar að hluta til. Í leikskólanum geta dvalið allt að 112 börn samtímis. Útivistarsvæði er bæði stórt og gott. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 18:15.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að efla hreyfifærni sem er undirstaða alls almenns þroska og eðlilegrar jákvæðrar sjálfsmyndar ásamt lífsleikni, umburðarlyndi, víðsýni og hafa örugg leikskilyrði. Með þessu læra börnin að vinna saman, taka tillit til hvers annars, virða rétta annarra, bera virðingu fyrir sjálfum sér og læra einfaldar samskiptareglur.

Gimli, Hlíðarvegi 7 sími: 421-5707 netfang: gimli@reykjanesbaer.is

Veffang: leikskolinn.is/gimli

Leikskólastjóri: S. Karen Valdimarsdóttir

Leikskólinn Gimli tók til starfa 1971. Flatarmál húss er 400,7 m², nettóstærð leikrýmis er 207 m² og flatarmál lóðar er 3.540 m², leiksvæði 3.003 m². Gimli var þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára, en er nú fjögurra deilda þar sem salurinn var tekinn undir starfsemi deildar. Deildir eru aldurskiptar og kynjaskiptar að hluta til yfir daginn. Í leikskólanum geta dvalið allt að 69 börn samtímis. Leikskólinn er staðsettur í gamalgrónu umhverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 17:15.

Leikskólinn starfar eftir Hjallastefnunni þar sem aðaláherslan er á jafnréttisuppeldi. Áhersla er lögð á að kjarna, það er að sundurgreina hverfi. Þetta kemur fram í merkingarbæru, einföldu, nákvæmu og skýru starfsumhverfi. Dagskráin inniheldur endurtekningar, festu, öryggi og jafnvægi þar sem gleði, kærleikur og jákvæðni eru ríkjandi þættir.

Heiðarsel Heiðarbraut 27 sími: 421-1554 netfang: heidarsel@reykjanesbaer.is

Veffang: reykjanesbaer.is/heidarsel

Leikskólastjóri: Kolbrún Sigurðardóttir

Leikskólinn Heiðarsel tók til starfa 1990. Flatarmál húss er 592,2 m², nettóstærð leikrýmis er 272 m² og flatarmál lóðar er 5.139 m², leiksvæði 3.621 m². Heiðarsel er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Deildir eru aldursblandaðar. Í leikskólanum geta dvalið allt að 84 börn samtímis. Leikskólinn stendur á fallegum stað með góðu útsýni yfir byggðina. Útivistarsvæðið er mjög skemmtilegt. Góðir möguleikar eru til vettvangsferða um nánasta umhverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

Lögð er áhersla á einfaldleika í umhverfinu og opinn efnivið. Með því telur starfsfólk að barnið sjálft sé í fyrirrúmi og fái að njóta sín sem einstaklingur á sínum forsendum í leik og starfi. Barnið lærir að skapa og leita lausna án þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir. Í leikskólanum er lögð áhersla á gæði en ekki magn við val á leikföngum og efniviði.

Hjallatún, Vallarbraut 20 sími 421-7404 netfang: hjallatun@reykjanesbaer.is

Veffang: reykjanesbaer.is/hjallatun

Leikskólastjóri: Gerður Pétursdóttir

Leikskólinn Hjallatún tók til starfa 2001. Flatarmál húss er 659,80 m², nettóstærð leikrýmis er 333 m² og flatarmál lóðar er 4.480 m², leiksvæði 3.418 m². Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í bænum. Hjallatún er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Deildir eru aldursskiptar. Í leikskólanum geta dvalið allt að 97 börn samtímis. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 17:15.

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Áhersla er lögð á að hver einstaklingur fái að njóta sín. Í leikskólanum er lögð áhersla á nærveru og hlýju. Leitast er við að efla tilfinningagreind barna og leggja grundvöll að því að þau verði sjálfstæð, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellndri þróun.

Hjallatún er heilsdagsskóli.

Holt, Stapagötu 10 sími: 421-6100 netfang: holt@reykjanesbaer.is

Veffang: reykjanesbaer.is/holt

Leikskólastjóri: Kristín Helgadóttir

Leikskólinn Holt tók til starfa 1985. Flatarmál húss er 598 m², nettóstærð leikrýmis er 271 m² og flatarmál lóðar er 5.129 m², leiksvæði 3.030 m². Leikskólinn stendur í landi jarðarinnar Holts og af því dregur hann nafn sitt. Holt er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Deildir eru aldursskiptar. Í leikskólanum geta dvalið allt að 92 börn samtímis. Umhverfi leikskólans býður upp á afar skemmtilega möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir jafnt sumar sem vetur. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:30 – 17:15.

Markmið leikskólans er að hver og einn einstaklingur öðlist virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu. Lögð er áhersla á að nýta frjálsan leik markvisst sem uppeldistæki. Leikgleði barnanna og áhugi þeirra fyrir líðandi stund er hafður í fyrirrúmi í allri starfseminni. Í leikskólanum er lögð áhersla á tónlistar- og myndlistarppeldi. Tónlistarkennari hefur starfað við skólann um árabil. Myndlistarkennari starfar einnig við leikskólann.

Tjarnarsel, Tjarnargötu 19 sími: 421 4204 netfang: tjarnarsel@reykjanesbaer.is

Veffang: reykjanesbaer.is/tjarnarsel

Leikskólastjóri: Inga María Ingvarsdóttir

Leikskólinn Tjarnarsel er elsti leikskóli Reykjanesbæjar, en hann hóf starfsemi 1967. Flatarmál húss er 601 m², nettóstærð leikrýmis 277 m² og flatarmál lóðar er 2.241 m², leiksvæði 1.460 m². Tjarnarsel er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Deildir eru aldursskiptar. Í leikskólanum geta dvalið allt að 84 börn samtímis. Leikskólinn er í hjarta bæjarins í gamalgrónu hverfi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

Starfsemin byggir á einfaldleika þar sem reynir á ímyndun, sköpun og skynjun barnsins. Lögð er áhersla á að rækta tillitsemi, vináttu og kærleika á milli barna og starfsfólks. Að hver einstaklingur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu. Hugmyndafræði leikskólans er útivist, hreyfing og umhverfismál og aðaláherslan er lögð á vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans.

Einkunnarorð leikskólans eru: hreyfing - lífsgleði – upplifun og virðing sem tengjast inn í daglegt líf leikskólans.

Vesturberg, Vesturbraut 13 - sími 421-7079 netfang: vesturberg@reykjanesbaer.is

Veffang: reykjanesbaer.is/vesturberg

Leikskólastjóri: Brynja Aðalbergadóttir

Leikskólinn Vesturberg tók til starfa sumarið 1997. Hann er í tvílyftu húsi og staðsettur vestast í bænum. Flatarmál húss er 240 m², nettóstærð leikrýmis er 111,2 m² og flatarmál lóðar er 1.356,5 m², leiksvæði 1.168 m². Vesturberg er opinn leikskóli þar sem allt leikrými barnanna er sameiginlegt. Í leikskólanum geta dvalið allt að 37 börn samtímis. Umhverfið býður upp á mikla möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:15.

Í leikskólanum eru uppeldislegar áherslur einkum tvær, annars vegar að virða sjálfsákvörðunarrétt barnanna og hins vegar að virða frjálsan leik þeirra og líta á hann sem kjarna uppeldisstarfsins. Börnin fara frjálst um húsið og markmiðið er að bjóða börnunum upp á hlýlegan, skemmtilegan og örvandi stað sem vekur hjá þeim gleði, forvitni og frumkvæði auk þess að efla sjálfstæði þeirra og jákvæða sjálfsmynd.

Breytingar og viðhald

Fyrir utan hefðbundið viðhald innan dyra sem utan á sl. skólaári, þ.e. frá 1. september til 31. ágúst 2004, var byggt við leikskólann Holt og hann stækkaður um 292 m². Leikskólarnir eru vel búnir tölvum og allir eru þeir nettengdir og allir eru þeir tengdir með ADSL línu. Faxtæki er í öllum leikskólum bæjarins. Almennt má segja að leikskólarnir séu vel tækjum búnir og í Vesturbergi er leirbrennsluofn sem hinir leikskólarnir geta nýtt sér. Almennt viðhald og snyrting lóða var með venjubundnum hætti og skipt um sand í sandkössum reglulega. Upplýsingakerfið Stundvísi frá fyrirtækinu Mentor var sett í alla leikskólana á sl. ári.

Garðasel: Ný girðing var sett upp Hólmgarðsmegin, sem er fyrsti hluti af fjórum.

Gimli: Smíðaður var læstur skápur undir vask í eldhúsi þar sem hættuleg hreinsiefni er geymd. Skipt var um gluggakarm í innri stofu á Ásgarði. Keypt voru ný borð og stólar fyrir yngri börnin. Fyllt upp í tjörn á útisvæði.

Heiðarsel: Hillur voru settar fyrir ofan fatahólf barnanna á öllum deildum og einnig var sett hilla inn á salerni starfsmanna. Stálplötur voru settar fyrir ofan vaskana í listakrökum á öllum deildum og vaskaborð á Hóli minnkað. Stálplata var sett í loftið fyrir ofan uppþvottavélina í eldhúsi. Leikskólinn var klæddur að utan með „Steni“ utanhúsklæðningu.

Hjallatún: Sett var viðarklæðningar á tvo veggir til viðbótar og hreyfisalur var málaður, jafnframt voru nokkrir veggir málaðir í heimastofum. Fleiri hillur voru settar upp í Lita- og Listalandi. Skipt var um grindverk kringum útisvæði og bílastæði starfsmanna malbikað.

Holt: Jafnhliða stækkun leikskólans var eldra húsnæðið endurbætt. Breytingar tókust mjög vel og öll vinnuaðstaða fyrir starfsfólk var stórbætt.

Tjarnarsel: Fjórðing var í nýjum dýnum, tveimur átta manna matarborðum og tveimur skilrúnum á Sólvöllum, tveimur átta manna borðum á Mánavöllum, tólf stólum og skiptiborði. Sófi keyptur á Ljósavelli. Bætt var við fatahólfum á Sunnavöllum og Ljósavöllum. Holukubbastofa var máluð. Skipt var um hluta af girðingu á útisvæði. Þakrennur lagaðar og gert við múrskemmdir á húsinu.

Vesturberg: Með hagræðingu innan húss var hægt að útbúa sérherbergi þar sem stuðningskennsla fer fram svo og undirbúningur starfsfólks ásamt foreldra- og starfsmannaviðtölum. Rósasel er orðið að bókasafni leikskólans og þar var bætt við hillum undir ýmis kennslugögn. Hellulagt var í kringum ruslaföturnar og undir stigann við inngang hússins. Bílastæði starfsfólks voru flutt handan við götuna þar sem áhaldahús bæjarins var áður til húsa.

Námskrá - stefna

Uppeldisstarf, áherslur, markmið og matsaðferðir – Námskrár leikskóla Reykjanesbæjar –

Leikskólar Reykjanesbæjar byggja starf sitt á lögum um leikskóla nr.78/1994 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 og aðalnámskrá sem tók gildi 1. júlí 1999. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra.

Leikskólastarf byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði sem sótt er til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna enda sýna rannsóknir að lítil börn læra og þroskast best í leik.

Hver skóli hefur frelsi til að móta innra starf og áherslur í skólastarfinu eftir því sem uppeldisáætlun leyfir. Hér er átt við innra skipulag skólans og val á kennsluáðferðum og áherslum. Áherslur eru mismunandi og ráðast af þeirri uppeldisstefnu sem ákveðin er hverju sinni. Barnið er stöðugt í brennidepli og unnið er með alla verkþætti í samræmi við getu og þroska þess.

Í öllum leikskólunum er leikurinn helsta „kennslutæki“ leikskólakennarans og því er lögð rík áhersla á að hlúa að honum frá fyrstu tíð.

Mikið er lagt upp úr sjálfstæði, frumkvæði og sjálfsvirðingu barnanna og að gagnkvæm virðing ríki í samskiptum innan leikskólanna. Lögð er áhersla á fjölbreytilegt og skapandi leikefni og leikaðstöðu. Stuðlað er að vináttu, kurteisi og aga.

Leikskólarnir gera ársáætlun fyrir hvert skólaár sem stendur frá 1. september til 31. ágúst.

Sameiginlega hefur verið unnið að efnisyfirliti ársskýrslu og ársáætlunar. Þá er sameiginlegur rammi að starfsmannahandbók leikskóla og handbók leikskólastjóra.

Matsaðferðir

Matsaðferðir eru mótaðar innan hvers leikskóla. Símat á innra starfi leikskólanna er í sífelldri þróun. Í sumum leikskólum er starfið endurmetið í lok hvers skólaárs meðan aðrir meta starfið jafnóðum. Allar upplýsingar nýtast á margvíslegan hátt og eru ræddar bæði á deilda- og starfsmannafundum. Í öllum skólunum er gerð könnun á hreyfigetu barnanna, svokallað MOT hreyfiþroskapróf, þroskapróf AAL og málþroskaprófið Orðaskil er notað í sumum leikskólunum. Íslenski þroskalistinn er notaður í öllum leikskólunum, niðurstöður prófanna eru síðan ræddar við foreldra. Ecers kvarðinn var einnig nýttur í nokkrum leikskólum, kvarðinn er mælitæki yfir gæði í leikskólastarfi með börnum og líðan starfsfólks í starfi. Greiningartækið Hjóm-2, sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum, var lagt fyrir börnin í öllum leikskólunum, aldursmiðaðar atferliskannanir að hausti og vori (samræmdar fyrir alla leikskóla Reykjanesbæjar haustið 2003). Athyglisbrestur barna - fyrir fjögurra ára og eldri. Hegðun á heimili - fyrir fjögurra ára og eldri. Færni barns í málnotkun og málskilningi – gróf viðmið fyrir aldurinn eins til fjögurra ára. Spurningalistar yfir hegðun barna á aldrinum 2-3 ára og 4-16 ára auk atferlisathugana sem miðast við aldur hvers barns.

Skipulag

Leikskólarnir eru opnaðir kl. 7:30 á morgnana fyrir utan einn sem opnaður er kl 7:45. Grunnvalartími barna er ýmist frá kl. 8:00-12:00 fyrir hádegi eða kl. 13:00-17:00 eftir hádegi. Hægt er að bæta við tíma bæði fyrir framan og aftan grunntímann. Allir leikskólarnir loka kl 17:15 nema Garðasel sem lokar 18:15. Heimild er fyrir því, ef ekki er eftirspurn, að stytta opnunartímann um 15 mínútur í byrjun og enda dags. Gildir sú ákvörðun fyrir leikskólaárið. Skólarnir verða einungis opnir lengur ef þörf krefur. Ákvörðun um lengri opnunartíma miðast við 1. október og helst út skólaárið. Leikskólar Reykjanesbæjar eru lokaðir í fimm vikur í sumarleyfi.

Í öllum leikskólunum er eldhús og boðið er upp á morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu.

Morgunverður er á tímabilinu 8:00 til 9:00, flest öll börn sem eru fyrir hádegi fá morgunverð. Að morgunverði loknum tekur hefðbundið leikskólastarf við s.s. frjáls leikur, val, samverustund, hópavinna, útivera, vettvangsferðir o.s.frv. Hádegisverður er á tímabilinu 11:30 til 12:15. Í einum leikskólanum matast börnin saman í borðsal en í öðrum inni á deildum. Eftir matinn er hefðbundið leikskólastarf, öll börn sem eru eftir hádegi fá síðdegishressingu.

Fastar vinnustundir eru á ákveðnum tímum dags. Hinn frjálsi leikur, val og hópavinna eru leiðir í uppeldisstarfinu sem leikskólarnir nota. Valkerfi, skipulagt hópastarf og vinnustundir eru í flest öllum leikskólunum. Skipulagðar hreyfistundir eru í flestum leikskólum en í *Garðaseli* hefur verið skipulögð leikfimiáætlun um árabíl. Hugmyndafræði leikskólans er að efla hreyfifærni sem er undirstaða alls almenns þroska og eðlilegrar jákvæðrar sjálfsmýndar ásamt lífsleikni, umburðarlyndi, víðsýni og að búa við örugg leikskilyrði. Á *Gimli* er dagskrá sem inniheldur endurteknningar, festu, öryggi og jafnvægi þar sem gleði, kærleikur og jákvæði er ríkjandi. Aðaláhersluþættir leikskólans einkennist á jákvæðu starfsumhverfi, opnum samskiptum, kærleika, virðingu og gleði. Í *Heiðarseli* skiptist starfsárið í þrjár annir: sumar-, haust- og vorönn. Á haust- og vorönn er hefðbundið leikskólastarf en á sumarönn fellur hópastarf niður og meira frjálsræði ríkir. Skýr starfsmannastefna og skólanámskrá leikskólans gerir leikskólastarfið sýnilegra og markvissara fyrir starfsfólk og foreldra. Á *Hjallatúni* er leikskólanum skipt í tvær sjálfstæðar einingar er nefnast Austur- og Vesturgangur. Á hvorum gangi er svæðaskipting þar sem börnin fara frjálst á milli svæða. Hlutverk starfsmanna á svæðum er að bjóða upp á efni og aðstæður sem hæfa hverju svæði og koma með innlegg eftir þörfum. Á *Holti* er leikgleði barnanna og áhugi þeirra fyrir líðandi stund haft í öndvegi í allri starfsemi skólans. Þá er starfandi þar tónmenntakennari sem er með tónlistarstund einu sinni í viku og myndmenntakennari er þrisvar sinnum í viku. Í *Tjarnarseli* hafa vettvangsferðir verið í hávegum hafðar en jafnframt er lögð áhersla á hreyfingu, samskipti, uppgötvun og lífsgleði. Markmiðið er að flétta saman vettvangsnám og umhverfisfræðslu inn í daglegt líf og starf skólans. Skýr starfsmannastefna og námskrá leikskólans gerir vinnuferlið opnara og sýnilegra fyrir starfsfólk skólans. Á *Vesturbergi* er ekki hefðbundin

deildaskipting heldur er leikskólanum skipt í sjö svæði og fá börnin að velja sér svæði. Hver starfsmaður sinnir sínu svæði, eina viku í senn. Uppeldislegar áherslur eru einkum tvær: að virða sjálfsákvörðunarrétt barnanna og virða frjálstan leik þeirra og líta á hann sem kjarna uppeldisstarfsins.

Í hverjum leikskóla eru „elstu barna verkefni“ fyrir börnin í leikskólanum. Markmiðið er að kynna skólareglur, orð og hugtök. Flestir leikskólanna nýta sér kennsluefnið: Ótrúleg eru ævintýrin, Markviss málörvun og Ljáðu mér eyra. Lögð er áhersla á að eiga skemmtilegar og fræðandi stundir með börnunum.

Foreldrasamvinna er í fyrirrúmi í öllum leikskólunum.

Enn sem fyrr er unnið að því að fjölga börnum í hádegismat og koma þannig til móts við óskir foreldra og verður haldið áfram á þeirri braut.

Starfið síðastliðið leikskólaár – Framkvæmd ársáætlunar

Starfsáætlun

Starfið er árstíðabundið og mótast af því. Sumarmánuðirnir eru nýttir til útiveru og vettvangsferða. Starfið yfir sumarið einkennist mikið af aðlögun nýrra barna. Á veturna er mikið lagt upp úr ýmiss konar starfsemi s.s. hópastarfi, söng- og samverustundum.

Í *Garðaseli* var þema ársins markviss málörvun og tengist það Lestrarmenningarátaki Reykjanesbæjar. Samskipti og samvinna er ávallt rauði þráðurinn í gegnum starfið með börnunum.

Á *Gimli* eru markmið og áherslur skólans að kjarna, það er að sundurgreina umhverfi, að umhverfið sé merkingarbært, einfalt, skýrt og ábyrgt.

Í *Heiðarseli* var fylgt ársáætlun og skóladagatali og hefur sú áætlun staðist. Hópstjórar hvers aldurs fyrir sig gerðu starfsáætlun fyrir hvern mánuð í senn yfir vetrartímann.

Hjallatún. Vel gekk að vinna samkvæmt ársáætlun en stefnt var að því að gera allt starfið markvissara og auka gæði þess. Þjónusta við nýbúa varð markvissari. Haldið var áfram að þróa uppeldislega skráningu. Áhersla var lögð á viðurkennandi samskipti milli allra þeirra er starfa í leikskólanum.

Á *Holti* var viðfangsefni vetrarins tengt Lestrarmenningarátaki Reykjanesbæjar en unnið var út frá bókinni Gilitruitt allan veturinn og unnið samkvæmt „könnunaraðferðinni.“ Markmiðið með vinnustundunum á að vera leikgleði og að börnin séu ánægð og fái verkefni við hæfi.

Í *Tjarnarseli* var fylgt eftir námsskrá og stefnu skólans og boðið upp á hópastarf fyrir alla aldurshópa allt árið um kring. Miðað var við áhuga og getu einstaklingsins innan hópsins. Hópstjórar gerðu starfsáætlun fyrir hverja önn sem innihélt markmið og leiðir og foreldrum fengið til upplýsinga. Enn sem fyrr voru vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans í hávegum hafðar ásamt umhverfismenntinni.

Í *Vesturbergi* var mikið lagt upp úr því að börnin fái að njóta sín sem mest og best. Í öllu daglegu starfi er leikurinn í aðalhlutverki. Börnin eru ekki tekin frá verkefnum sem þau eru að vinna að til að sinna verkefnum sem starfsfólk hefur skipulagt fyrir þau. Sjálfsákvörðunarrétti barna er sýnd virðing og trúað á getu þeirra til að vita hvað þeim kemur best. Börnin fara frjálst um húsið og virt er val þeirra á vinnu og verkefnum.

Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður

Endurmat er tekið fyrir á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Foreldraviðtöl er í öllum leikskólum. Viðhorfskönnun meðal foreldra leikskólabarna í Reykjanesbæjar var framkvæmd í samvinnu við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og Bókasafn Reykjanesbæjar. Könnunin laut í meginatriðum að viðhorfum foreldra til starfsins og starfsaðstæðna í leikskólunum. Könnunin var framkvæmd dagana 9. til 24. mars 2004 og unnin á rafrænan hátt í vefkannanakerfinu Outcome frá Vefur – samskiptalausnir ehf. Tilgangur könnunarinnar var að safna upplýsingum um viðhorf foreldra til leikskólans í því skyni að þær upplýsingar nýtist við sjálfsmat hans og efla samstarf og samskipti við foreldra barnanna í leikskólanum.

Í öllum leikskólunum eru starfmannaviðtöl fastur liður í skipulagi leikskólans og hefur það tekist með ágætum. Í þessum viðtölum er kannaður m.a. hugur starfsfólks til starfsins og til þess hvort því finnist mannaður þess metinn og nýttur sem skyldi. Leikskólarnir gera ársskýrslu fyrir hvert skólaár sem stendur frá 1. september til 31. ágúst.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Í reglugerð um starfsemi leikskóla er kveðið á um að leikskólar skuli meta aðferðir við uppeldisstörf. Talsverð reynsla er fyrir hendi meðal starfsfólks leikskóla og sífellt er verið að meta starfið með börnunum. Það sem betur má fara er lagað og nýju námsefni bætt við.

Í ársskýrslum leikskólanna er að finna upplýsingar um flest sem varðar skólastarfið. Eftirtaldir leikskólar hafa gefið út skólanámsskrá: Heiðarsel, Hjallatún, Holt, Tjarnarsel og Vesturberg.

Aðrir leikskólar vinna að gerð skólanámsskrár. Bókasafn Reykjanesbæjar bauð leikskólunum að venju að hengja upp myndir barnanna í bókasafninu yfir sumarmánuðina. Þetta er orðið að fastri venju sem er komin til að vera.

Verkefninu Lestrarmenning í Reykjanesbæ, var ýtt úr vör þann 23. apríl 2003, á alþjóðar degi bókarinnar. Þann dag gaf Félag íslenskra bókaútgefenda öllum börnum tveggja til sex ára í bæjarfélaginu bók. Í ár fengu öll tveggja og þriggja ára börn bók að gjöf. Lestrarmenning í Reykjanesbæ er þriggja ára þróunarverkefni sem hrundið er af stað til að efla lestrarfærni og málskilning barna í bæjarfélaginu (2003-2006). Markmið verkefnisins er að fá allt samfélagið til að taka höndum saman um að efla mál- og lesþroska barna, allt frá fæðingu til fullorðinsára. Allir leikskólarnir hafa tekið virkan þátt í lestrarmenningarverkefninu og má segja að þetta sé aðal þróunarverkefni leikskólanna í ár sem og í fyrra. Lestrarmenningin fléttast inn í allt starf skólanna svo sem í hópasamveru, verkefni elstu barna og samverustundir.

Í *Garðaseli* var nýju dagskipulagi komið á sl. haust. Unnið var að þróun verkefna elstu barnanna.

Á *Gimli* var ákveðið að aldursskipta deildum næsta skólaár.

Í *Heiðarseli* kynntu starfsmenn sér stefnu heilsuleikskólans og í framhaldi af því var ákveðið að taka upp þá stefnu í skólanum haustið 2004. Starfsmenn unnu að útgáfu sögubók fyrir börn um Valla og Gogga á ferð og flugi í Reykjanesbæ. Í sögunni skoða Valli og Goggi útilistaverk í Reykjanesbæ.

Á *Hjallatúni* var starfsáætlun unnin fyrir alla aldurshópa og markvissari vinnubrögð innleidd í hópasamveru. Námsefnið Stig af stigi var kennt í heild sinni þennan vetur. Markvisst upplýsingakerfi „Starfsmannapóstur“ hefur verið verkefni í þróun sl. tvö ár. Pósturinn kemur út fjórum til sex sinnum á ári og í honum koma fram margvíslegar upplýsingar til starfsmanna sem ekki næst að koma til skila á starfsmannafundum. Heimasíða leikskólans opnaði í apríl.

Á *Holti* er áfram unnið eftir könnunaraðferðinni. Sótt var um styrk í Þróunarsjóð leikskóla til þess að þróa áfram starf í lestri og málörvun þar sem vinna með börnunum tekur mið af vinnuferli „könnunaraðferðarinnar.“ Verkefnið kallast Lifandi lestur og tengist það lestrarmenningarátaki Reykjanesbæjar. Verkefnið hófst formlega í september 2004.

Í *Tjarnarseli* voru sjö megin þróunar- og umbótaverkefni í gangi sem verkefnastjóri sinnti að hluta til. 1) Lokið var við að aldursskipta deildum, starfsmenn fylgja börnunum þegar flutningur fer fram milli deilda eftir sumarfrí. 2) Unnið er að því að þróa heildstætt dagskipulag. Stefnt er að því að útbúa nýja námskrá fyrir hvert aldursstig. 3) Samstarf skólastiga, kennara beggja skólastiga funduðu mánaðarlega til upplýsinga og ráðagerða um kennsluaðferðir skólanna. 4) Lestrarkennsla í leikskóla, unnið var útfrá kennsluaðferðum Helgu Sigurjónsdóttur en hún var kennurum til halds og trausts við að koma lestrarstundum í framkvæmd sem hófust í febrúar 2004. 5) Mikil áhersla var lögð á málrækt í tengslum við lestrarmenningarverkefni Reykjanesbæjar. 6) Könnunarleikur hefur fest sig í sessi í skólanum en við aldursskiptingu var farið út í að kynna sér þennan leik sem nýtur mikilla hylli jafnt hjá börnunum sem starfsfólki leikskólans. 7) Vinnusiðferði. Gerð var athugun og mat á fagmennsku leikskólakennara/deildarstjóra með tilliti til styrkleika. Veffang leikskólans var endurnýjað á árinu.

Í *Vesturbergi* er enn sem fyrr verið að skoða og endurmeta uppeldisstarfið í leikskólanum. Með tilkomu lestrarmenningar í Reykjanesbæ voru tveir starfsmenn settir sem verkefnastjórar til að fylgja verkinu eftir. Skráð er hversu oft er lesið fyrir barnið og afraksturinn skráður í svo kallaðan bókaorm. Með tilkomu bókasafns leikskólans hefur öll áhersla á bókina verið aukin. „Græna bókin“ er verkefni sem fór af stað, að ósk starfsfólks, til að bregðast við óæskilegri hegðun barnanna. Í bókina eru skráð hegðun barnanna sem síðan eru rædd sameiginlega á vikulegum fundum. Hegðunarmynstur barnanna hefur tekið stakkaskiptum eftir að byrjað var að beita þessari aðferð. Gerðar voru gagngerar breytingar á verkefnum elstu barnanna. Hópurinn „Pennahópur“ kemur saman daglega tvær stundir í senn. Samstarf við heimaskóla er farsælt.

Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.

Farið var í vettvangsferðir um nágrenni leikskólanna s.s.

Stytttri – og lengri kynnisferðir:

Könnuð nokkur áhugaverð svæði eins og Nónvarðan, Vatnsholtið, Hrauntúnsholtið, Skólaholtið, skrudgarðurinn, Bergið/smábátahöfnin, Grænás, Barnalundur, skrudgarðurinn í Njarðvík, bátasafnið í Duushúsum, Kaffi Duus, farið í strætisvagnaferðir um Reykjanesbæ og farið í fuglaskoðun um Fitjarnar.

Fiskimarkaður Suðurnesja var heimsóttur, svo og Fræðrasetrið í Sandgerði og Mamma Mía – „pizzustaður.“ Þá var víkingaskipið á Fitjum skoðað.

Útskriftarferðir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, í Vatnaskóg og að Grjóteyri í Kjós. Farið með vinaskóla Tjarnarsels í Heiðmörk.

Menningarviðburðir:

- Bókasafn Reykjanesbæjar var heimsótt en eins og fyrr er getið eru myndir leikskólabarna til sýnis þar yfir sumarmánuðina.
- Tónlistarskólinn bauð upp á árlega kynningu á starfsemi skólans en einnig fóru nemendur Tónlistarskólans í leikskólana og léku fyrir börnin.
- Grunnskólarnir heimsóttir - börnin fengu að fylgjast með í kennslustundum.
- Kirkjuferðir í tengslum við jólahátíðina.
- Leiksýningar: Geiturnar þrjár, Mjallhvít og dvergarnir sjö, Grýla og jólasveinarnir, Jólajöfin hennar Grýlu
- Byggðasafn Suðurnesja og Byggðasafnið í Innri-Njarðvík - gluggað í liðna tíð.
- Stekkjarkot - kynning á fornum búskaparháttum.
- Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, dagskrá helguð Jónasi Hallgrímssyni. Haldið upp á daginn 14. nóvember og hver leikskóli var með viðburði í sínum skóla.
- Útskriftarhátíð haldin í Frumleikhúsinu.
- Orkuátak í leikskólunum í samvinnu við átak Latabæjar. Orkuátakinu lauk formlega með stórum íþróttadegi í Reykjaneshöllinni.
- Lestrarmenningu í Reykjanesbæ var ýtt úr vör þann 23. apríl á Degi bókarinnar. Í ár fengu öll börn sem fædd voru 2001 og 2002 að gjöf bókina Svona stór eftir Þóru Másdóttur.

Aðrar skemmtanir:

- Haldið er upp á þorrann, bollu-, sprengju- og öskudaginn með mismunandi hætti. Þá voru ýmsar aðrar skemmtanir haldnar s.s. fjölskyldudagur, jólaball, sumarhátíð, grillveisla, hjóladagur, fagnaðarfundir, bónda-/konudagur. Sólarkaffi, foreldrum/afa/ömmu er boðið í morgunkaffi. Haldið upp á afmæli leikskóla, myndlistarsýning í leikskóla, skemmtikraftar heimsóttu leikskólana og héldu sýningu. Farið í Reykjaneshöllina með '98 og '99 árganginn. Útskriftarferð með elstu börn leikskólans er árviss viðburður. Farið er í dagsferð.

Kynning á leikskólanum út á við:

Nokkuð var um það að einstaklingar og hópar heimsæktu leikskólana og kynntu sér starf þeirra. Má þar nefna nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja en þeir vinna gjarnan verkefni í tengslum við vinnu í uppeldisfræðum. Starfsmenn frá Stykkishólmi og leikskólakennarar komu frá Kaupmannahöfn og heimsóttu Hjallatún. Arnarsmári, vinaleikskóli Tjarnarsels, kom í heimsókn og haldinn var sameiginlegur starfsmannafundur í leikskólanum. Í nokkrum leikskólunum eru ömmu- og afadagar þar sem þeim er boðið að koma og sjá börnin í leik og starfi og þiggja veitingar, þótti þetta takast með ágætum. Fréttabréf eru gefin út í öllum leikskólunum. Sumarsýningar í Bókasafni Reykjanesbæjar á ýmsum listaverkum barnanna í leikskólunum er verðug kynning. Besta kynning á starfi leikskóla er e.t.v. vitnisburður foreldra, það orðspor sem fer af leikskólunum. Sex leikskólar eru komnir með heimasíðu en það auðveldar mjög kynningu á leikskólanum.

Starfsmenn

Stöðugildi

Stöðugildi í leikskólum Reykjanesbæjar í október 2003 voru 126,25 þar af var fagfólk í 37,97 stöðugildum. Ræsting er ekki meðtalin. Starfsmenn voru alls 155 þar af 43 leikskólakennarar og 1 þroskaþjálfari.

Fundir

Starfsmannafundir voru haldnir einu sinni í mánuði utan vinnutíma. Hluti þessara funda er oft nýttur til deildafunda eða deildastjórafundu í nokkrum leikskólum. Efni fundanna er mismunandi. Dæmi um fundarefni er að leikskólakennarar kynna ýmis valin efni fyrir hópnum. Á starfsmannafundi eru stundum fengnir fyrirlesarar. Fundir eru skráðir í fundagerðabækur.

Deildafundir voru almennt haldnir einu sinni í mánuði. Dæmi um fundarefni er að koma saman og ræða ákveðin mál sem upp koma hverju sinni, vinnutilhögun á deildum, samræmingu og samskipti eða útfærslu á verkefnum. Einnig er rætt um einstaka barn eða hópinn sem heild.

Deildastjórafundir voru haldnir, í flestum leikskólum, einu sinni mánuði. Á þessum fundum er rætt um heildarmarkmið leikskólans og starfsemina í heild. Upplýsingum er komið á framfæri og tengsl milli deilda eru styrkt.

Fagfundir voru haldnir (leikskólakennarar og leikskólastjóri) í flestum leikskólunum ýmist á vinnutíma eða utan hans. Þar var komið á framfæri upplýsingum er fram koma á milli starfsmannafunda og sameiginlegar ákvarðanir teknar fyrir allan leikskólann. Á þessum fundum er allt faglegt starf leikskólanna skipulagt og endurmetið.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra voru haldnir eftir þörfum. Þar voru ræddar ýmsar ákvarðanir vegna starfsmanna, barna og foreldra eða reksturs leikskólans almennt. Stjórnunartími aðstoðarleikskólastjóra fer eftir stærð leikskóla þ.e.a.s. visst prósentuhlutfall af vinnuskyldu utan deilda.

Undirbúningstímar leikskólakennara eru 4 klst. á viku miðað við fullt starf en leikskólakennarar með deildarstjórn hafa 5 klst. á viku miðað við fullt starf. Leiðbeinendur fá 2 klst. á viku miðað við fullt starf. Tímarnir eru nýttir til ýmiss konar vinnu- og starfsáætlunargerðar. Í sumum leikskólum skila starfsmenn skýrslu til leikskólastjóra með upplýsingum um hvernig tíminn var nýttur. Undirbúningstímar eru hluti af vinnutíma.

Fundir vegna leik- og grunnskóla voru nokkrir en misjafnt eftir skólum. Með tilkomu lestrarmenningar-átaksins var riðið á vaðið með nýja herferð og kennarar barna í 1.bekk grunnskóla og kennarar elstu barna í leikskóla funduðu saman þann 2. apríl. Ákveðið að leggja áherslu á markvissara samstarf næsta vetur.

Fundir leikskólastjóra með leikskólafulltrúa og sérkennslufulltrúa voru haldnir mánaðarlega. Þeir eru boðaðir af leikskólafulltrúa með leikskólastjórum og sérkennslufulltrúa. Fundarefni voru fagleg og rekstrarleg mál, einnig starfsmannamál. Þá fundaði leikskólafulltrúi með aðstoðarleikskólastjórum tvisvar á árinu þar sem farið var yfir starfssvið þeirra og formið á ársskýrslu og ársyfirliti.

Fagfundir á fræðsluskrifstofu voru haldnir mánaðarlega. Þeir voru boðaðir af leikskólafulltrúa með leikskólastjórum og sérkennslufulltrúa. Þar voru rædd mál og teknar sameiginlegar ákvarðanir.

Lestrarmenningarfundir voru haldnir einu sinni í mánuði með leikskólafulltrúa og fulltrúum leikskólanna í lestrarmenningarverkefninu. Haldnir voru fyrirlestrar á þessum fundum.

Fræðsluráð er stjórnarnefnd leik- og grunnskólanna, hún mótar ýmsar reglur um leikskólamál og fjallar um þau erindi sem henni berast. Nefndin gerir tillögur til bæjarstjórnar um ýmis mál er varða stjórnun leikskólanna. Formaður nefndarinnar er Árni Sigfússon. Fulltrúar leikskólastjóra, starfsfólks leikskólanna og foreldra eiga fulltrúa í nefndinni. Þeir fulltrúar eru með málfrelsi og tillögurétt en hafa ekki atkvæðisrétt. Fundirnir hafa verið haldnir í leikskólunum til að kynna m.a. stefnu og starfsemi leikskólanna. Ánægja er með þetta fyrirkomulag bæði hjá nefndarmönnum og leikskólastjórum. Alls voru sex fundir haldnir varðandi leikskólana á skólaárinu.

Starfsmannafundir Reykjanesbæjar með bæjarstjóra, forstöðumönnum og starfsmönnum bæjarins voru haldnir mánaðarlega.

Skipulags- og námskeiðsdagar

Skipulagsdagar voru þrír. Einn þeirra er á fyrsta degi eftir sumarfrí. Á skipulagsdögum skipuleggur starfsfólk starfið framundan og forgangsroðun verkefna er ákveðin. Á skipulagsdögum eru iðulega fengnir fyrirlesarar. Á þessum dögum fara starfsmenn leikskóla einnig oft í aðra leikskóla til að kynna sér starfið þar. Starfsmenn leikskólans Hjallatúns fóru í náms- og kynnisferð til Kaupmannahafnar til að kynna sér starfið þar. Skoðaðir voru fjórir skólar sem allir vinna með frjálsa leikinn og eru með opin svæði. Absalons have, Kongerosen, Saxolys intgrede institution og Menighedsbørnehaven „Rahbek. “Starfsmenn sóttu einnig námskeið í náttúrufræðum. Starfsmenn skiluðu inn skýrslu til Fræðsluskrifstofu þar sem sagt er frá ferðinni. Leikskólastjórar skila inn til leikskólafulltrúa yfirliti yfir vinnu á skipulagsdögum.

Leikskólarnir eru lokaðir á skipulagsdögum og er það auglýst með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Fyrirlestrar á skipulagsdögum voru:

Slys á börnum-forvarnir-skyndihjálp. Herdís L. Storegaard, hjúkrunarfræðingur.

Þæfing ullar og steingler. Hildur Harðardóttir, leikskólakennari

SOS aðferðin. Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur.

Reggio Emilia. Kristín Hildur Ólafsdóttir, lektor við KHÍ.

Tónlistaruppeldi, grunnatriði tónlistar. Geirþrúður Bogadóttir.

Hreyfing-verkleg kennsla. Baldur Þorsteinsson.

Vísindasmiðja-verkefni. Hrönn Guðmundsdóttir og Unnur Þorláksdóttir.

Börn

Fjöldi barna

Í október 2003 dvöldu samtals 612 börn í leikskólum Reykjanesbæjar. Í heilsdagsdvöl voru 387 börn og í hálfisdagsdvöl voru 113 börn og í tímanum frá kl. 8–13/14 voru 112 börn. Börn einstæðra foreldra voru 106 og tví- eða þrítengd börn voru 48.

Börn fædd árið:	1998 voru	162
	1999 voru	155
	2000 voru	160
	2001 voru	134
	2002 voru	1

Í október 2003 voru 11 börn á biðlista eftir leikskóladvöl. Öllum börnum tveggja ára og eldri var boðin leikskóladvöl haustið 2002

Samanlögð barngildi voru 709 og dvalarstundir 4.489,5.

Sérkennsla

Í október 2003 voru börnin 32 sem nutu sérkennslu en í maí 2004 fengu 37 börn sérkennslu í leikskólum bæjarins en þessi börn eru alfarið í almennum deildum leikskólanna, einnig þau sem eru mikið fötluð. Þegar börn hafa verið greind með veruleg þroskafrávik er komið til móts við viðkomandi barn með því að bæta við starfsmanni á deild, hluta dvalartímans. Unnið er eftir reglum við úthlutun á stuðningstímum sem samþykktar eru af Fræðsluráði og bæjarstjórn Reykjanesbæjar. Reglurnar byggja á fimm flokkum og hverjum flokki er lágmarks og hámarks tímafjöldi. Fyrstu þrír flokkarnir eru fyrir fötluð börn, fjórði flokkurinn er fyrir ofvirk börn og börn sem eiga við félags- og tilfinningaerfiðleika að stríða. Fimmti flokkurinn er ætlaður fyrir úthlutun stuðningstíma á tiltekna deild eða leikskóla. Með þessum reglum er verið að koma til móts við sérþarfir barna bæði fatlaðra og barna sem ekki flokkast undir það að vera fötluð en þurfa engu að síður stuðning til lengri eða skemmri tíma. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvert sérkennslubarn.

Sérkennslufulltrúi fundaði með sérkennurum og þeim sem sinna sérkennslu fjórum sinnum yfir veturinn. Á Fræðsluskrifstofu eru einu sinni í viku inntökufundir þar er farið m.a. yfir þær beiðnir er berast skrifstofunni varðandi sérkennsluþörf barna. Fundina sitja sálfræðingar, sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla og talmeinafræðingur.

Foreldrasamstarf

Áherslur og markmið

Foreldrafélög eru starfrækt í öllum leikskólum. Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum. Markmið félagsins eru að vinna að velferð barna, efla hag leikskólans og koma á sem bestu sambandi milli leikskólans og heimila barna. Foreldrar eru ávallt velkomnir að dvelja með börnum sínum og taka þátt í starfinu þegar þeir vilja. Mjög ör þróun hefur verið í leikskólamálu síðastliðin ár og er því gott foreldrasamstarf mikilvægt. Starfið í leikskólanum og áherslurnar þar hafa breyst mikið, þess vegna er nauðsynlegt að hafa góðan kynningarfund fyrir foreldrana við upphaf leikskólagöngu barnsins.

Foreldrafundir

Foreldrafundir gegna þýðingarmiklu hlutverki í leikskólunum. Foreldrarnir kynnast starfsfólkinu, leikskólanum og hverjir öðrum. Á haustfundum fengu foreldrar kynningu á starfseminni eins og hún er hverju sinni. Þessir fundir voru ýmist sameiginlegir fyrir allan leikskólann eða fyrir hverja deild. Kynningarfundir með nýjum foreldrum eru haldnir að vori. Á þessum fundum voru í sumum leikskólunum afhentar skólanámskrár. Í sumum leikskólunum voru fengnir fyrirlesara á þessa fundi og gafst það vel. Um vorið voru grillveislur í öllum leikskólum bæjarins og var foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum boðið að taka þátt í þessum veislum.

Við inngang á hverri deild er tafla þar sem daglega eru skráðar upplýsingar er varða ferðir, verkefni, val, matseðil vikunnar o.fl.

Foreldraviðtöl, fréttabréf

Á hverjum vetri, eru foreldrar boðaðir í viðtöl vegna barna sinna. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða um barnið í fyllsta trúnaði. Foreldrar fá upplýsingar um stöðu barnsins í þroska og hvernig því vegnar í hópnum með félögum. Þegar barnið byrjar í leikskólanum eru foreldrarnir boðaðir í viðtal hjá viðkomandi leikskólakennara og leikskólastjóra. Stefna leikskólans er kynnt fyrir foreldrum og þeir fá innsýn í starfið.

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfi í leikskólanum og skiptir máli fyrir nýja barnið og foreldra þess. Auk þess skiptir það máli að vel takist til með kynni nýja barnsins við hópinn og starfsfólk á deildinni. Hversu marga daga foreldri er með barninu ræðst af barninu sjálfu og foreldrum þess.

Fréttabréf voru gefin út í öllum leikskólunum. Markmið með fréttabréfi er að tryggja að allir foreldrar fái sömu upplýsingar frá leikskólanum. Í fréttabréfunum er komið á framfæri ýmsum upplýsingum um það sem er á döfinni hverju sinni t.d. breytingar á starfsmannahaldi, þemu, ferðir og skemmtanir.

Opið hús

Líkt og í fyrra þá var ákveðið að vera ekki með neinn sérstakan dag fyrir opið hús. Foreldrar eru ávallt velkomnir að koma og dvelja með börnum sínum í leikskólanum. Sumir leikskólar eru komnir með þá hefð að bjóða foreldrum nokkrum sinnum í morgunkaffi og þótti takast með ágætum. Enn sem fyrr eru ömmu- og afadagur í nokkrum leikskólunum.

Foreldrafélög

Foreldrafélög eru starfandi við leikskólana og er starf þeirra nokkuð mismunandi í hinum ýmsu leikskólum. Markmið hvers félags er að efla tengsl foreldra við leikskólann og samskipti milli þeirra um málefni hans. Foreldrafélögin styrkja starfsemi leikskólanna með ýmsu móti s.s. jólaskemmtunum, sumarhátíðum, íþróttadegi, útgáfu á söngbók, halda kökubasar, sveitarferð, sala á flíspeysum með merki skólans í fjáröflunarskyni, halda sölusýningu á verkum barnanna, kaupa ýmis leiktæki og áhöld og taka bæði þátt í og standa fyrir vorferðalögum barnanna. Þá hafa foreldrafélögin staðið fyrir leikhúsferðum bæði innan bæjar og í Þjóðleikhúsið. Foreldrafélögin hafa einnig staðið fyrir fyrirlestur á fundum félagsins.

Samstarf - fræðsla - ráðgjöf

Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar sinnir ráðgjöf og eftirliti með leikskólum Reykjanesbæjar.

Starfsmenn leikskóladeildar eru tveir leikskólafulltrúi og sérkennslufulltrúi í 100% stöðu hvor.

Leikskólafulltrúi er faglegur og rekstralegur yfirmaður leikskólanna og jafnframt tengiliður milli leikskólanna og bæjaryfirvalda. Leikskólafulltrúi er Guðrífur Helgadóttir. Sérkennslufulltrúi sinnir ráðgjöf- og eftirlitshlutverki varðandi börn með sérþarfir. Sérkennslufulltrúi er Ingibjörg B. Hilmarsdóttir.

Á Fræðsluskrifstofu starfa sálfræðingar og talmeinafræðingar sem sinna börnum í leikskólunum eftir þörfum með ráðgjöf og greiningu. Leikskólar fá einnig ráðgjöf frá Greiningarstöð ríkisins, Þroskahjálpi á Suðurnesjum og Svæðisskrifstofu Reykjanes. Þá er samstarf við ýmsa aðila á vegum bæjarins s.s. skrifstofu, tæknideild, Þjónustumiðstöð, Bókasafn Reykjanesbæjar og Fjölskyldu- og félagsþjónustu bæjarins.

Leikskólastjórar af Suðurnesjum ásamt leikskólafulltrúa funda þrisvar til fjórum sinnum á ári.

Leikskólafulltrúi sér um innritun barna í leikskólana. Gjaldkeri sér um færslur vegna leikskólagjalda. Hægt er að sækja um leikskóladvöl fyrir börn við fæðingu en til þess að vera skráð á virkan biðlista verður lögheimili að vera í Reykjanesbæ. Tekið er á móti umsóknum á bæjarskrifstofunum að Hafnargötu 57 og Tjarnargötu 12. Mögulegt er að sækja um forgang fyrir barn í leikskóla ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi enda fylgi vottorð frá opinberum aðilum.

Starfsmannasamtöl

Leikskólastjórar og sérkennslufulltrúi komu í starfsmannasamtal við leikskólafulltrúa. Í starfsmannasamtali er tækifæri fyrir starfsmann og næsta yfirmaður að setja sameiginleg markmið út frá stefnu sveitarfélagsins og stofnunarinnar, leiðrétt það sem betur má fara og tryggja að verið sé að stefna í sömu átt.

Leikskólakennaranám við KHÍ og HA - nemar

Á síðastliðnu skólaári voru tuttugu og tveir leikskólakennaranemar í fjarnámi og staðbundnu námi við KHÍ og HA. Einn leikskólastjóri var í stjórnunarnámi við KHÍ. Samtals voru níu nemar úr leikskólaskor KHÍ í vettvangsnámi í leikskólum Reykjanesbæjar á sl. starfsári. Verknáms-/vettvangsnemar voru í eftirtöldum leikskólum: einn í Garðaseli, tveir á Gimli, þrír í Heiðarseli, fjórir í Hjallatúni, einn á Holti, þrír í Tjarnarseli og tveir í Vesturbergi. Á vegum eins grunnskóla bæjarins og Vinnuskólans var einn grunnskólanemandi á Vesturbergi einu sinni í viku allan veturinn fjóra tíma í senn, undir handleiðslu kennara. Nokkuð er um að nemendur úr Fjölbrotaskóla Suðurnesja og grunnskólum bæjarins séu í kynningu í leikskólunum.

Samstarf við grunnskóla

Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er komið í nokkuð fastar skorður. Misjafnt er þó hversu mikil þessi samvinna er eða í hvaða formi. Horft er til framtíðar með aukna samvinnu í huga.

Gagnkvæmar heimsóknir eru milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna leikskólans. Frá áramótum höfðu börnin í skólahóp unnið ýmis verkefni sérstaklega ætluð til undirbúnings námi í grunnskólanum. Leikskólarnir Gimli og Holt byrjuðu fjórða árið í röð með börnin í september í skólahópum í samvinnu við Njarðvíkurskóla. Kennarar, deilda- og verkefnastjórar Tjarnarsels, Vesturbergs og Myllubakkaskóla funduðu mánaðarlega frá því í október til upplýsinga og ráðagerða um kennsluáferðir skólanna. Þótti þetta takast afburða vel. Sumir leikskólarnir eru þannig settir að elsti barnahópurinn skiptist í tvo og jafnvel þrjá grunnskóla sem gerir samvinnu flóknari. Nokkuð er um að grunnskólanemendur fari í starfskynningu í leikskóla. Undir vor var fundur með kennurum elstu barnanna í leikskólunum og kennurum 1. bekk í grunnskólunum þar sem lögð voru drög að væntanlegu samstarfi næsta vetur. Hver leikskóli fékk sinn heimaskóla. Deildastjórar beggja skólastiganna munu verða tengiliðir í framtíðinni. Móttökur grunnskólakennara í skólaheimsóknum leikskólanna með elstu börnin voru til fyrirmyndar

Sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla veita upplýsingar til grunnskólanna vegna barna sem eru að byrja í grunnskóla og hafa fengið sérkennslu í leikskóla.

Öryggismál

Brunavarnir Suðurnesja hafa haft umsjón með bruna- og þjófavörnum síðan árið 1998. Í janúar 2002 tók Öryggismiðstöð Íslands við þjónustunni.

Einu sinni á ári eru brunaæfingar í hverjum leikskóla og gerð er rýmingaráætlun fyrir hvern leikskóla. Slökkvitæki eru yfirfarin einu sinni á ári. Í hverjum leikskóla er kosinn öryggisfulltrúi úr röðum starfsmanna sem sér um að yfirfara húsnæði, lóð, tæki, leikföng og annað í leikskólanum með öryggi barnanna að markmiði.

Lögreglan kemur í heimsókn einu sinni á ári. Farið er yfir helstu hættur sem ber að varast í umferðinni en lögð sérstök áhersla á notkun endurskinsmerkja. Lögreglan færði börnum og starfsfólki endurskinsmerki að gjöf.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kemur í hefðbundna heimsókn í alla leikskólana og gerir úttekt á ástandi lóðar og húsnæðis.

Björgunarsveit Suðurnesja fór í leikskólana í desember og fóru yfir þær hættur sem fylgja flugeldum. Börnin fengu öryggisgleraugu að gjöf.

Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur

Eftirfarandi námskeið voru haldin á vegum Fræðsluskrifstofunnar:

- Nýtt starfsfólk í leikskóla. Leiðbeinandi Guðríður Helgadóttir, leikskólafulltrúi. Fræðsluskrifstofa, 26. september. Alls 4,5 kennslustundir. Námskeiðið sóttu 22 starfsmenn.
- Raddnámskeið. Fyrirlesari Kristinn Hilmarsson, talmeinafræðingur. Fræðsluskrifstofa, haldið 17. október. Alls 4,5 kennslustundir. Fyrirlesturinn sóttu 15 starfsmenn.
- Sjórnun fólks - stjórnendabjálfun. Fyrirlesari Ingrid Kuhlman, ráðgjafi. Fræðsluskrifstofa í samráði við MSS 22. október. Námskeiðið sóttu 20 leikskólakennarar. Námskeiðið var einungis ætlað stjórnendum leikskólanna.
- Að takast á við erfiða einstaklinga. Fyrirlesari Eyþór Eðvaldsson, ráðgjafi. Fræðsluskrifstofa í samvinnu við MSS 20. nóvember. Námskeiðið sóttu 15 leikskólakennarar. Námskeiðið var einungis ætlað stjórnendum leikskólanna.
- Viðhald á netkerfi. Fyrirlesari Magnús B. Hallbjörnsson. Holtaskóli 27. nóvember. Alls 3 kennslustundir.
- Skriftarkennsla. Fyrirlesari Brynja Árnadóttir skólastjóri. Fræðsluskrifstofa 6. janúar.
- Markviss málörvun í leik og starfi. Kennari Helga Friðfinnsdóttir, skólastjóri. Njarðvíkurskóli 20. janúar og 17. febrúar. Alls 6 kennslustundir. Námskeiðið sóttu 40 starfsmenn bæði úr leikskólum og grunnskólum bæjarins og einnig úr Garði, Sandgerði og Vogum.
- Fjölmenningarlegur leikskóli. Fyrirlesari Friða B. Jónsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri. Fræðsluskrifstofa 11. febrúar. Námskeiðið sóttu 28 starfsmenn.
- Tímastjórnun. Leiðbeinandi Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi. Fræðsluskrifstofa í samráði við MSS 4. mars. Alls 6 kennslustundir. Námskeiðið var einungis ætlað stjórnendum leikskólanna.
- Kynning á starfi í norskum leikskólum. Fyrirlesari Guðný Karlsdóttir, kennari. Fræðsluskrifstofa 5. mars.
- Gagnkvæm handleiðsla. Leiðbeinandi Elín Jónasdóttir, sálfræðingur. Nesjavöllum 18. mars. Námskeiðið var haldið fyrir leikskólastjóra. Alls 8 kennslustundir.
- Hljóm-2. Athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna. Fyrirlesari Ingibjörg Símonardóttir, talmeinafræðingur. Fræðsluskrifstofa 27. apríl. Alls 3 kennslustundir. Kynningin var haldin fyrir 40 grunnskólakennara.

Önnur námskeið og fyrirlestrar sem leikskólakennarar og leiðbeinendur sóttu:

- Kjarnanámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum I. hluti, II. hluti og III. hluti. Á vegum MSS í samráði við Fræðsluskrifstofu haldið á Víkinni, október, janúar og mars, alls 68 kennslustund. Alls sóttu 23 starfsmenn námskeiðið.
- Sjálfskraust og sjálfsöryggi. Fyrirlesari Ingrid Kuhlman. Þekkingarmiðlun. Haldið 3. sept. og 19. nóv.
- Kynning á Textilvervinnu. Í boði Skólavörubúðarinnar. Haldið 25. september.
- Trúnaðarmannanámskeið. Fyrirlesari Björg Bjarnadóttir, formaður FL. Haldið í Golfskálanum á Selfossi, 25. september.

- Latibær/kynningafundur Þjóðaráttak fyrir barnafjölskyldur. Fyrirlesari Magnús Scheving. Njarðvíkurskóli 16. september.
- Tölvunámskeið. Tölvuskóli Suðurnesja haldið í október. Alls 30 kennslustundir.
- Hljóm-2. Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Leiðbeinandi Jóhanna Einarsdóttir, talmeinafræðingur. Haldið 17. október.
- Fjölmennig og farsæl samskipti. Leiðbeinandi Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir. Haldið 10. og 11. feb.
- Matvörur/kynning. Ekran, Vatnagörðum 22, febrúar. Alls 2 klst.
- Æfingakennaranámskeið. Símenntunarstofnun KHÍ. Haldið 26. og 27. febrúar.
- Einhverfa og skyldar þroskaraskanir – grunnnámskeið. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Haldið 25. mars. Alls 8 kennslustundir.
- Atferlismeðferð fyrir börn með einhverfu. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Haldið 30. - 31. mars. Alls 8 kennslustundir.
- Uppeldisleg skráning. Fyrirlesara: Guðrún Alda Harðardóttir, lektor og Sigríður Síta Pétursdóttir leikskólakennari. Fræðsluskrifstofa Hafnafjarðar. Haldið 2. mars.
- SOS námskeið á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ í samráði við Fræðsluskrifstofu. Leiðbeinandi Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur. Haldið í mars og apríl.
- Einingakubbar Caroline Pratt. Símenntunarstofnun KHÍ. Haldið 25. mars.
- Vistvæn innkaup. Hótel Keflavík. Alls 2 klst.
- Matvörur/kynning. Ásbjörn Ólafsson. Haldið 29. apríl í Valsheimilinu að Hlíðarenda. Alls 4 klst.
- Nýjungar á sviði þroskaraskana. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Haldið í Háskólabíó 13. og 14. maí. Alls 16 kennslustundir.
- Þæfing ulla. Íslenskur heimilisiðnaður. Haldið 5. júní.
- Kennaranámskeið í Kramhúsinu. Leiðbeinendur: Kristín Dýrförð, Elva Gísladóttir og fl. Haldið 22. - 25. júní. Alls 33 kennslustundir.

Námskeið á vegum KHÍ og Endurmenntunarstofnunar Háskólans sem starfsfólk leikskólanna sóttu:

- Börn með heilalömun og skólinn. Haldið í KHÍ, 26. september. Alls 10,5 kennslustund.
- Námskeið fyrir æfingakennara í leikskólum. Haldið 26. og 27. febrúar. Alls 16 stundir.

Ráðstefnur og málþing sem leikskólakennarar sóttu:

- Sértækar málþroskaraskanir. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Grand Hótel. Haldið 10. október.
- Starf og menntun þroskaþjálfafa. Haldið á vegum Þroskaþjálfafélag Íslands og KHÍ, 13. og 14. nóv.,
- Lífsleikni og listgreinar. Háskólans á Akureyri. Haldin 7. febrúar.
- Þróun samstarfs kennara og foreldra. Háskólinn á Akureyri. Haldið 17. apríl.
- Einhverfa-leikur-félagsfærni. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Grand Hótel, 15.-16. apríl.
- Jákvæðar breytingar í kennslustofunni. Íslensku menntasamtökin. Haldið 9. og 10. ágúst.

Lokaorð

Starfið í leikskólunum verður sífellt viðameira og vonandi skilvirkara og betra um leið. Starfsfólkið er orðið þjálfaðra í að skipuleggja innra starfið og veit fyrir hvað leikskólinn stendur. Þá er samheldni og samstarf á milli leikskólanna sérlega gott.

Lestrarmenningarverkefni Reykjanesbæjar gekk mjög vel í leikskólunum. Hver leikskóli setti verkefnið í öndvegi og setti allan sinn metnað í að vinna verkið af kostgæfni.

Mun auðveldara en áður var að ráða starfsfólk í leikskólana. Skortur á leikskólakennurum er þó hinn sami og áður en við lítum með björtum augum til framtíðar því stór hópur leikskólakennaranema lýkur fjarnámi við Háskólann á Akureyri vorið 2005. Þar eru fimmtán nemendur í fjarnámi í leikskólafræðum frá Reykjanesbæ. Ellefu á fjórða ári og fjórir á fyrsta ári. Það er mikilvægt fyrir Reykjanesbæ að halda áfram að styðja við bakið á því starfsfólki sem hefur hug á að fara í leikskólakennaranám hvort heldur sem er í fjarnám eða staðbundið nám þar megum við ekki láta deigan síga.

Unnið er að gerð skólanámskrár í þeim leikskólum sem ekki hafa lokið gerð hennar.

Leikskólinn Holt var stækkaður og var skóflustunga að þeim áfanga tekin í ágúst 2003. Viðbyggingin er tæpir 300 fermetrar að stærð og hýsir nú m.a. tvær leikskóladeildir, listaskála og aðstöðu fyrir starfsfólk. Þá er 30 fermetra innigarður í miðju hússins. Guðmundur K. Guðmundsson er arkitekt viðbyggingarinnar. Viðbyggingin var tekin í notkun í lok janúar 2004. Undirbúningur að stækkun leikskólans hófst í ágúst 2001. Viðbyggingin þótti takast með ágætum.

Eftirspurn eftir heilsdagsrýmum hefur enn aukist og eftirspurn eftir hlutarymum minnkað að sama skapi, það heyrir til undantekninga að óskað sé eftir vistun fyrir barn í eftirhádegisrými.

Könnun meðal foreldra, sem gerð var vorið 2004, leiddi í ljós almenna ánægju með starf leikskólanna. Svarhlutfallið var 89% og var því vel marktækt. Við endurmat á starfsemi leikskólans verður hægt að taka mið af ýmsum þeim svörum sem bárust og það sem betur mætti fara og einnig að halda áfram með það góða starf sem fer fram í leikskólunum og gleðjast yfir því sem foreldrar töldu vel staðið að.

Samantekt úr ársskýrslum leikskólanna.

Gert í mars 2005.

Guðríður Helgadóttir, leikskólafulltrúi.